

**Nd.**

## **28. Frumvarp til laga**

um framkvæmd viðgerða á íslenskum skipum.

Fhm.: Páll Þorbjörnsson.

### **1. gr.**

Eigendur íslenskra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

### **2. gr.**

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenskrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

### **3. gr.**

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnuáráðherra setur um það efni.

### **4. gr.**

Ef engin löggilt skipasmiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

### **5. gr.**

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða váttryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fái stund hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda skipasmiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands til viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

### **6. gr.**

Gerðardómur, sem nefndur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, váttryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og forstjórar löggiltra skipasmiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnst um tólfum valdi eða бага fyrir skipseigendur.

### **7. gr.**

Ef forstjóri löggiltrar skipasmiðju lítur svo á, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr., getur hann kært yfir því til lögreglustjóra. Telji lögreglustjóri, að ekki sé um skýlaust lögbrot að ræða, vísar hann málinu til gerðardóms, er um getur í 5. gr.

Stjórn fél. járníðnaðarmanna í Reykjavík hefir sama rétt sem forstjóri skipasmiðju til þess að kæra yfir meintu broti í þessu efni.

### **8. gr.**

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga, og visast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því þá.

Nánar í framsögu.